

## AUGLÝSING

### um staðfestingu forsetaúrskurðar um breytingu um stundarsakir á forsetaúrskurði frá 31. desember 2011, um skiptingu starfa ráðherra.

Handhafar valds forseta Íslands hafa, samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, laga nr. 115/2011, um Stjórnarráð Íslands, og forsetaúrskurðar nr. 125/2011, gefið út svohljóðandi úrskurð um breytingu um stundarsakir á forsetaúrskurði um skiptingu starfa ráðherra, sbr. auglýsingu nr. 184 frá 31. desember 2011:

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra er hér með gerð sú breyting á forsetaúrskurði sbr. auglýsingu nr. 184 frá 31. desember 2011, um skiptingu starfa ráðherra, að Oddný G. Harðardóttir fer með iðnaðarráðuneytið, með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, laga nr. 115/2011, um Stjórnarráð Íslands, og forsetaúrskurðar nr. 125/2011, um stundarsakir, í fjarveru Katrínar Júlíusdóttur iðnaðarráðherra, vegna fæðingarorlofs hennar, eða þar til annað verður ákveðið.

*Forsætisráðuneytinu, 24. febrúar 2012.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

*Ragnhildur Arnljótsdóttir.*